

256. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 25. OKTÓBER 2016 KL 8:15

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Kirkjuþing 2016. Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings er boðaður og mun koma til fundarins kl 10. Farið verður yfir málaskrá kirkjuþings með forsetanum.
3. Fjármál
 - a. Fundargerðir fjármálahóps.
 - b. Fjárhagsáætlun Biskupsstofu og sjóðanna fyrir næsta ár, drög kynnt ásamt nýju árshlutauppgjöri.
 - c. Bréf til ríkisvaldsins varðandi efndir á kirkjujarðasamkomulaginu og samkomulagi um leiðréttingu á sóknargjöldum. Viðbrögð ríkisvaldsins við bréfinu kynnt.
4. Fasteignir
 - a. Fundargerðir kirkjustarfshóps.
 - b. Málefni Skálholts og Mosfells.
 - c. Grensáskirkja. Frumkostnaðaráætlun T.ark vegna viðhalds og frágangs.
 - d. Land prestseturs á Kirkjubæjarklaustri. Erindi sveitarstjórnar Skaftárhrepps.
 - e. Oddi á Rangárvöllum, fyrirhuguð veglagning og brúargerð yfir þverá.
 - f. Staðastaður, hæstaréttardómur í máli Kirkjumálsjóðs gegn Kára H. Jónssyni.
 - g. Staðastaður, aflétting búsetuskyldu sóknarprests.
 - h. Staðastaður, erindi Þorgríms Þráinssonar.
 - i. Úrskurður Óbyggðanefndar á svæði 88. Erindi Inga Tryggvasonar hrl.
 - j. Málefni Breiðabólstaðar.
 - k. Skráningarmál. Erindi fjármála- og efnahagsráðuneytisins.
 - l. Ræstingamál biskupsstofu.
 - m. Húsaleigusamningur Biskupsstofu og samkomulag um þjónustukaup kirkjuráðs af Biskupsstofu. Lagt fram á 248. fundi en þá frestað. Kynnt drög að samningum.
5. Skálholtsskóli, auglýsing rektorsstöðu, erindi skólaráðs.
6. Reykholt, erindi sóknarprests ásamt skýrslum til kirkjuráðs.
7. Umhverfisstefna Þjóðkirkjunnar og umhverfisnefnd.
8. Langholtssókn, ráðning organista. Svar biskups við erindi sóknarnefndarinnar.
9. Landsmót Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar 2016. Umsókn ÆSKP um styrk vegna fræðslu á landsmótinu.
10. Samantekt álitserðar.
11. Önnur mál.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 8:15. Mætt voru auk Agnesar M. Sigurðardóttur biskups og forseta kirkjuráðs, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Guðrún Finnbjarnardóttir sem ritaði fundargerð.

Þá sat fundinn Magnhildur Sigurbjörnsdóttir verkefnisstjóri Jöfnunarsjóðs undir lið 3a og Sigurbjörg Nielsdóttir Hansen aðalbókari Biskupsstofu undir lið 3b.

2. KIRKJUÞING 2016

Kirkjuþing 2016. Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings var boðaður og tilkynnti komu sína til fundarins kl 10. Farið var yfir málaskrá kirkjuþings með forsetanum.

3. FJÁRMÁL

a. *Fundargerðir fjármálahóps.*

Fundargerðirnar voru lagðar fram, kynntar og samþykktar. Tekinn var fyrir 3. liður, Jöfnunarsjóður, umsóknir. Gerð var ein breyting á tillögu fjármálahóps, framlag til Húsavíkursóknar verði hækkað um 1.m.kr. og verði 3 m.kr. 4. liður, erindi kjaramálafulltrúa PÍ varðandi stofnun starfshóps til að fara yfir embættiskostnaði presta og rekstrarform prestsembætta. Kirkjuráð tekur vel í erindið og ályktar að láta athuga með stofnun lögaðila í formi samlags til að geta nýtt hagkvæmni stærðarinnar við innkaup sem prestum og sóknum yrði boðið að taka þátt í.

b. *Fjárhagsáætlun Biskupsstofu og sjóðanna fyrir næsta ár, drög kynnt ásamt nýju árshlutauppgjöri.*

Framkvæmdastjóri og aðalbókari Biskupsstofu önnuðust kynninguna.

c. *Bréf til ríkisvaldsins varðandi efndir á kirkjujarðasamkomulaginu og samkomulag um leiðréttingu á sóknargjöldum. Viðbrögð ríkisvaldsins við bréfinu kynnt.*

Framkvæmdastjóri kynnti.

Fram kom að fjáráukalög ársins hefðu verið samþykkt án þess að þar hefði verið framlag til leiðréttingar á framlögum á grundvelli kirkjujarðasamkomulagsins. Þá kom fram að frumvarp til fjárlaga næsta árs hefði ekki verið lagt fram og því væri ekki ljóst hvort þar yrði að finna sambærilega leiðréttingu eða leiðréttingu á sóknargjöldum í samræmi við samkomulag þar um. Samþykkt var að leggja til við kirkjuþing að kröfugerð um efndir yrði ítrekuð við ráðherrana og jafnframt verði hafinn undirbúningur að viðbrögðum þjóðkirkjunnar ef árangur verði ekki af henni.

4. FASTEIGNIR

- a. *Fundargerðir kirkjustarfshóps.*

Fundargerðirnar lagðar fram, kynntar og samþykktar. Gísli Gunnarsson formaður kynnti fundargerðirnar: Níundi fundur 24. október 2016. Tekinn var fyrir 1. liður Málefni Breiðabólsstaðar í Fljótshlíð. Makaskiptasamningur milli jarðanna Lambey og Breiðabólsstaðar. Kirkjuráð samþykkir gerð samningsins. Aurasel. Deila stendur um veiðiteklar úr ánni Affalli sem höfðu fallið til Breiðabólsstaðar. Óskað er heimildar kirkjuráðs til að fá ráðgjöf frá landamerkjásérfræðingi vegna deilunnar en veiðiteklar hafa verið færðar á biðreikning vegna hennar. Samþykkt. Skálholt. Kirkjustarfshópur átti fund í Skálholti skv. fundargerð dags. 14. september 2016. Samþykkt var að taka saman skýrslu um nauðsynlegar framkvæmdir á staðnum, þ.á.m. um flutning vígslubiskups í s.k. rektorshús. Brattahlíð 5 í Hveragerði, óskað er eftir heimild til sölu eignarinnar. Samþykkt. Höfn. Nýskipaður prestur hyggst ekki búa í prestbústaðnum, spurt er hvort leigja megi húsið. Málinu frestað.
- b. *Málefni Skálholts og Mosfells.*

Biskup reifaði erindi vígslubiskups í Skálholti. Fram kom að forsvarsmenn Skálholtsstaðar hefðu óskað eftir að fá Mosfell á leigu. Fram kom ósk á fundinum um að gert verði verðmat fyrir eignina. Samþykkt.
- c. *Grensáskirkja. Frumkostnaðaráætlun T.ark vegna viðhalds og frágangs.*

Samþykkt að vísa málinu til kirkjustarfshóps.
- d. *Land prestseturs á Kirkjubæjarklaustri. Erindi sveitarstjórnar Skaftárhrepps.*

Fram kom að sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur hug á að kanna hvort sveitarfélaginu standi ennþá til boða að fá keypt prestsseturslandið að Kirkjubæjarklaustri. Viðræður voru farnar af stað 2014 í tengslum við málið og hafði Biskupsstofa sýnt því áhuga að sveitarfélagið fengi landið keypt.
Samþykkt að fasteignasvið skoði málið í ljósi máls (k.).
- e. *Oddi á Rangárvöllum, fyrirhuguð veglagning og brúargerð yfir þverá.*

Samþykkt að verða við erindinu enda komi eðlilegt gjald fyrir vegstæðið af hálfu Vegagerðarinnar.
- f. *Staðastaður, hæstaréttardómur í máli Kirkjumálsjóðs gegn Kára H. Jónssyni.*

Málið reifað. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá greiðslum á málskostnaði.
- g. *Staðastaður, aflétting búsetuskyldu sóknarprests.*

Biskup reifaði málið. Lagt var fram minnisblað biskups um málið dags. 14. okt. s.l.
- h. *Staðastaður, erindi Þorgríms Þráinssonar.*

Erindið lagt fram. Fyrirspyrjanda hefur verið gerð grein fyrir því að ekki sé unnt að taka til þess efnislega afstöðu en það verði gert um leið og það er unnt.
- i. *Úrskurður Óbyggðanefndar á svæði 88. Erindi Inga Tryggvasonar hrl.*

Málið reifað. Kirkjuráð telur ekki ástæðu til viðbragða. Framkvæmdastjóra falið að svara erindi lögmannsins.
- j. *Málefni Breiðabólsstaðar.*

Málið tekið fyrir og afgreitt undir liðnum fundargerðir kirkjustarfshóps.

- k. *Skráningarmál. Erindi fjármála- og efnahagsráðuneytisins.*
Málið reifað. Samþykkt að kanna hvort og þá hvaða úrræði Kirkjumálasjóður hefur til að bregðast við úrskurði ráðuneytisins.
- l. *Ræstingamál biskupsstofu.*
Lagðir fram minnispunktar framkvæmdastjóra um málið.
- m. *Þjónustusamningur milli Kirkjumálasjóðs og Biskupsstofu og samkomulag um þjónustukaup kirkjuráðs af Biskupsstofu.* Lagt fram á 248. fundi en þá frestað. Kynnt drög að samningum.

5. SKÁLHOLTSSKÓLI, AUGLÝSING REKTORSSTÖÐU

Lagt fram erindi skólaráðs Skálholtsskóla. Kirkjuráð telur ekki að tímabært sé að svo stöddu að auglýsa stöðuna.

6. REYKHOLT, ERINDI SÓKNARPRESTS ÁSAMT SKÝRSLUM TIL KIRKJURÁÐS

Lagt fram erindi sóknarprests til kirkjustjórnarinnar ásamt ársskýrslu og ársreikningi kirkjumiðstöðvar og skýrslu um messur og aðrar athafnir.
Kirkjuráð samþykkir að leggja til við fjármálahópinn að hann bjóði honum til fundar þar sem rætt verði um málefni staðarins.

7. UMHVERFISSTEFNA ÞJÓÐKIRKJUNNAR OG UMHVERFISNEFND.

Lagt fram erindi Halldórs Reynissonar varðandi stofnun umhverfisnefndar þjóðkirkjunnar og umhverfisstefnu. Samþykkt að biskup æski heimildar forsætisnefndar til að flytja málið á kirkjuþingi.

8. LANGHOLTSSÓKN, RÁÐNING ORGANISTA. SVAR BISKUPS VIÐ ERINDI SÓKNARNEFNDARINNAR

Svarbréfið lagt fram. Einnig lagt fram bréf sóknarnefndarinnar dags. 22. okt. s.l. varðandi kærumál fyrir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Biskup upplýsti að leitað hefði verið sérfræðiálits um álitaefnið og hefði niðurstaðan verið sú að stjórnsýslulög giltu um ráðningar eins hér um ræðir. Kirkjuráð samþykkir að fela framkvæmdastjóra að svara svara bréfinu í samræmi við umræður á fundinum sbr. starfsreglur.

9. LANDSMÓT ÆSKULÝÐSSAMBANDS ÞJÓÐKIRKJUNNAR 2016. UMSÓKN ÆSKÞ UM STYRK

Erindi ÆSKÞ varðandi umsókn um styrk vegna Landsmóts Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar 2016 lagt fram. Í erindinu er farið fram á að Kirkjumálasjóður styrki rekstur landsmótsins með framlagi sem nemi 20% af kostnaði mótsins. Ekki er með góðu móti unnt að ráða af umsókninni hvaða fjárhæð er sótt um en síðasti fundur kirkjuráðs afgreiddi annað erindi og samþykkti þá umbeðinn styrk. Í ljósi þess að landsmót er nú afstaðið felur kirkjuráð framkvæmdastjóra að kanna hvernig rekstri landsmótsins var hátað og hver afkoman var. Í ljósi þeirra upplýsinga mun kirkjuráð taka afstöðu til erindisins.

10. SAMANTEKT ÁLITSGERÐAR

Samantektin hefur verið sent kirkjuráðsmönnum sem drög en endanleg útgáfa hennar verður kynnt svo fljótt sem kostur er og er stefnt að því að unnt verði að kynna hana á næsta fundi kirkjuráðs.

11. ÖNNUR MÁL

1. Lagðir fram ársreikningar þjóðkirkjunnar og Kirkjumálasjóðs 2015, reikningur þjóðkirkjunnar kynntur og reikningur Kirkjumálasjóðs samþykktur og áritaður.
2. Hugmynd um húsnæði fyrir Tónskóla þjóðkirkjunnar í Háteigskirkju. Kirkjuráð samþykkir að fela verkefnisstjóra fasteignasviðs að láta gera kostnaðaráætlun fyrir málið.
3. Lögð fram drög að skýrslu kirkjuráðs til kirkjuþings 2016.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:58
Næsti fundur er 29. nóvember 2016.

Agnes M. Sigurðardóttir biskup,
forseti kirkjuráðs.

Oddur Einarsson,
framkvæmdastjóri kirkjuráðs.

Séra Elínborg Gísladóttir.

Séra Gísli Gunnarsson.

Stefán Magnússon.

Svana Helen Björnsdóttir.